

Símenntun á Vesturlandi Fundargerð

127. stjórnarfundur Símenntunar var haldinn þriðjudaginn 04.06.2024, kl. 11:00 á Teams. Mætt: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Kjartan Kjartansson, Anna Jóna Kristjánsdóttir, Jóhanna María Sigmundsdóttir og Vignir Smári Mariásson. Guðrún Vala Elísdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar – þessi liður er óþarfur því fundargerð er send rafrænt til samþykkis stjórnar sbr. starfsreglur stjórnar.
2. Fjörgurra mánaða uppgjör lagt fram. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir fjárhagsstöðu Símenntunar miðað við 30. apríl 2024. Rekstartekjur eru 56.073.333 kr. á árinu (var 44.320.101 á sama tíma 2023) og rekstrargjöld 38.289.436 kr (var 46.895.923 á sama tíma 2023). Hagnaður er því 17.783.897 kr. (en var -2.575.822 á sama tíma í fyrra) Umræður og skýringar á rekstrar og útgjaldaliðum.
Rætt um að hækka gjald fyrir útleigu á kennslustofum og framkvæmdastjóra falið að setja fram gjaldskrá í samræmi við markaðsverð.
3. Staða verkefna. Framkvæmdastjór fer yfir helstu verkefni annarinnar.
 - Náms- og starfsráðgjöf á áætlun.
 - Raunfærnimat hefur gengið dræmlega fyrri part annar en talsvert er að gera í því núna.
 - Námsleiðir – búið er að ljúka FAB LAB smiðju, Atvinnulífi og íslensku, og stóriðjuskóla á þessari önn. Samfélagstúlkun hrökk úr skaftinu en verður tekin aftur upp í haust.
 - Eitt „fræðslustjóri að láni“ verkefni í gangi á Akranesi sem lýkur í júní. „Fræðslustjóri til leigu“ verkefni á þremur stöðum eru virk.
 - Eitt erlent samstarfsverkefni í gangi núna, beðið eftir niðurstöðum úr þremur umsóknum.
 - Velferðarskólinn, nám fyrir starfsfólk sem vinnur fötlunargeiranum hefur festi í sessi með námskeið um allt Vesturland.
 - Fjölmenningskólinn, þróunarverkefni um fjölmenningu styrkt af sóknaráætlun og þróunarsjóði innflytjendamála gengur vel og nú í maí var áttak í vitundarvakningu um íslenskt mál.
 - Skóli lífsins- námskeið í samstarfi við Fjölmennit hafa verið vinsæl og ganga vel um allt Vesturland.

- 6 námskeið í íslensku hafa verið haldin á önninni.
 - Fjarpróf þessa vorönn að ljúka, en þau eru haldin á 6 stöðum á Vesturlandi og verið að vinna við samantekt og uppgjör á þeim.
 - Tórstundanámskeið og námskeið fyrir eldri borgara hafa ekki verið eins vinsæl og við vonuðum og er í endurskoðun með framhald á þeim
 - Undirbúningur er hafinn fyrir haustönn og starfsdagur starfsfólks fyrirhugaður í næstu viku.
4. Önnur mál
- Umræða um starfsreglur stjórnar og gildi umboðs stjórnarmanna þegar látið er að af störfum hjá stofnaðila. Ákveðið að viðkomandi stjórnarmaður, formaður og framkvæmdsstjóri skoði hvað er venjan í þessu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.27